

Nd.

**623. Frumvarp til laga**

[151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og tvær jarðir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:

I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:

1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalinu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofannefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.
3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Vifilsstaðavegi, að austan af fyrirhug-udum Suðurnesjavægi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Vifilsstaðavegi.

II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheimi í Neskaupstað.

III. Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjolfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindabrekku, sama hreppi, eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins samkv. I. tölul. 1. gr., skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Parfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.